

FW Brú í Smælingjadal Tálknafirði.

Til : Vesturbyggð <Vesturbyggd@vesturbyggd.is>
Frá : Erindi Vesturbyggð <erindi@vesturbyggd.is>
Heiti : FW Brú í Smælingjadal Tálknafirði.
Málsnúmer : 2407029
Málsaðili : Pálína Kristín Hermannsdóttir
Skráð dags : 08.07.2024 00:00:00
Höfundur : pallastina@hotmail.com

From: Pálína Hermanns
Sent: Monday, July 8, 2024 8:55 AM
To: Erindi Vesturbyggð
Subject: Brú í Smælingjadal Tálknafirði.

Sæl verið þið.

Við eigendur jarðanna Lambeyri og eigendur jarðarinnar Suðureyri Tálknafirði höfum haft nokkrar áhyggjur af því að með aukinni umferð ár frá ári auk okkar eigin umferðar þá muni tré brú yfir ána í dalnum Smælingjadal (sem skilur jarðirnar að) gefa sig á næstunni. Brú þessi var byggð á árunum 60-70 úr tré og hefur tíminn nagað hressilega í hana, brúin er orðin kássufúin og eru nokkur ár síðan að dekkið í henni fékk svo litla lagfæringu en nú er svo komið að göt eru komin í þá lagfæringu og spýtur orðnar lausar og ganga til þegar ekið er yfir brúna.

Ökumenn stærri bíla fara þarna á vaði fyrir ofan brúna núna en það gengur bara yfir góða daga þegar vatnsbúskapur er lítill.

Við höfum af þessu stórar áhyggjur þar sem vitað er um mikla umferð þarna út eftir vegna ættarmóts þarna útrá í júlí og þar sem þetta fellur undir flokkinn "styrkvegur" þá er það sveitafélagið sem er bótaskyld hljótist tjón af brúnni.

Einnig skal það tekið fram að þær lagfæringar sem þarna færu fram þyrftu að miðast við þau skilyrði sem þarna eru árið um kring en ekki bara á vatnsminnstu sumardögum því þessi litla á hleypur klakar mikið í frostum og hleypur vel fram í leysingum vorsins og þyrfti að taka mið af því að lagfærgarnar bæru það vatn svo ekki hreinsi ofan henni.

Óskum við eigendur jarðanna Lambeyrar og Suðureyrar Tálknafirði eftir að erindi þetta rati inn á fund sem haldinn er á morgun 9.júlí og rætt þar.

Virðingarfyllst.

Pálína Kristín og Hannes Lambeyri.
Kristín Lára Þórarinsdóttir Suðureyri.